

***Innflutningur bifreiðar**

***Tollverð**

Úrskurður nr. 9/2000.

Í máli þessu er ágreiningur um tollverð bifreiðar sem keypt var skemmd á uppboði í USA. Tollstjóri ákvarðar tollverð skv. 20.-21 gr. reglugerðar nr. 374/1995. Kærandi gerir kröfu um að reikningur fyrir kaupnum verði lagður til grundvallar útreikningi tollverðs.

Ríkistollstjóri gerir sömu kröfu. Ríkistollanefnd staðfestir kröfu kæranda og ríkistollstjóra í málinu.

Lög nr. 55/1987.Reglugerð 374/1995 2gr., 7.- 8.gr. 10.-14.gr., 17.-18.gr.og 20.-21. gr.

Með bréfi, dags. 10. júlí árið 2000, kærði F, úrskurð tollstjóra frá 15. maí árið 2000. Í hinum kærða úrskurði ákvarðar tollstjóri tollverð á Chrysler Concorde bifreið, árg. 1996, fast númer J, sem kom til landsins í sendingu nr. E HAE 02 11 9 US ORF W118. Með kærinni fylgdu ekki næg gögn til að ríkistollanefnd gæti tekið málið efnislega til meðferðar. Var kæranda gefinn viðbótarfrestur til 15. ágúst. Krafa kæranda er að reikningur fyrir kaupum á bifreið að fjárhæð USD 3.055.00 verði lagður til grundvallar útreikningi tollverðs. Tollstjóri hafnar framlögðum reikningi og ákvarðar að tollverð bifreiðarinnar skuli vera kr. 905.666,00.

Í hinum kærða úrskurði tollstjórans segir m.a. að þann 8. nóvember 1999 hafi verið lögð inn til tollstjórans aðflutningsskýrsla vegna sendingar nr E HAE 02 11 9 US ORF W118 yfir bifreið af gerðinni Chrysler Concorde, árg. 1996, með fast skráningarnúmer J. Með aðflutningsskýrslu fylgdi vörureikningur, skráningarskírteini og flutningsgjaldareikningur. Framlagður vörureikningur var á milli G og E. Óskaði embættið eftir nánari skýringum á þessu og því að lagður væri fram reikningur milli innflytjanda og seljanda vegna bifreiðakaupanna, sbr. bréf embættisins dags 29. nóvember 1999. Í bréfi embættisins, dags 7. desember 1999, er nánar útskýrt að, að mati embættisins sé framlagður vörureikningur ekki fullnægjandi þar sem ekkert komi fram um að bifreiðin hafi verið keypt fyrir hönd innflytjanda. Reikningur var ekki lagður fram. Vegna þess að ekki var lagður fram vörureikningur, ákvarðaði embættið tollverð bifreiðarinnar í samræmi við 2. gr. reglugerðar nr. 374/1995, með áorðnum breytingum, um tollverð og tollverðsákvörðun, en þar kemur fram í 2. mgr. að þegar ekkert er greitt fyrir vöruna eða sýnt þykir að greiðsla sé einungis til málamynda, skal tollverð vöru ákvarðað skv. ákvæðum IV. kafla reglugerðarinnar að viðbættum gjöldum. Byggði embættið tollverð bifreiðarinnar á 20.-21. gr. áðurnefndrar reglugerðar, þar sem ekki tókst að ákveða verðið á grundvelli 10.-14. gr. reglugerðarinnar. Innflytjandi kærði þessa málsmeðferð og lagði einnig fram yfirlýsingu frá E, sem er tilgreindur kaupandi á framlögðum vörureikningi, dags. 21. des. 1999, þess efnis að E selji/framselji F áðurgreinda bifreið. Kaupverð er tiltekið USD 3.055,00.

Í ljósi þess að lögð voru fram ný gögn ákvað tollstjóri að ákvarða á ný tollverð áðurgreindrar bifreiðar og var það gert með bréfi embættisins, dags. 30. mars s.l. Var kæranda gefinn frekari kostur á að útskýra lágt verð bifreiðar áður en úrskurðað yrði í málinu á þeim grundvelli. Engin gögn bárust. Áður hafði embættið óskað eftir skýringum innflytjanda á verði bifreiðarinnar. Var það gert með bréfum embættisins, dags 12. nóvember 1999 og 29. nóvember s.á.

Samkvæmt 8. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, sbr. og 2. gr. reglugerðar nr. 374/1995, um tollverð og tollverðsákvörðun, er tollverð innfluttrar vöru hið svokallaða viðskiptaverð hennar, þ.e. það verð sem raunverulega er greitt eða greiða ber fyrir vöruna. Í IV. kafla reglugerðarinnar er síðan mælt fyrir um hvernig tollverð vöru skuli ákveðið þegar viðskiptaverð verður af einhverjum ástæðum ekki lagt til grundvallar, sbr. 10.-14. gr. reglugerðarinnar. Í V. kafla reglugerðarinnar er að finna sérákvæði vegna innflutnings ökutækja. Kemur þar fram í 17. gr. að við tollafgreiðslu ökutækis skuli tollstjóri bera viðskiptaverð þess eins og það kemur fram í aðflutningsskýrslu eða fylgiskjölum saman við viðmiðunarverð ökutækis af sömu tegund, undirtegund og árgerð í því landi sem ökutækið var keypt.

Uppgefið verðmæti bifreiðarinnar samkvæmt framlögðum reikningi er USD 3.055,00. Við verðsamanburð tollstjóraembættisins skv. 17. gr. reglugerðarinnar var stuðst við ritið Red Book, sem er gefið út af eftirlitsaðilum bifreiðaiðnaðarins í Bandaríkjunum og notað um öll Bandaríkin, en ríkistollstjóri hefur lagt embættinu ritið í té, sbr. 19. gr. reglugerðar nr. 374/1995. Þar kemur fram, að viðmiðunarverð á bifreið af sömu árgerð, tegund og undirtegund sem hér um ræðir er USD 11.675,00 og hefur þá verið tekið tillit til aksturs bifreiðarinnar og virðisaukaskatts í viðskiptalandinu.

Þegar borið er saman verðmæti bifreiðar samkvæmt aðflutningsskýrslu og framlögðum reikningi, þ.e. USD 3.055,00, við verðsamanburð skv. 17. gr. reglugerðar nr. 374/1995, þá er munurinn á reikningsverði og viðmiðunarverði skv. Red book um 74%.

Í 18. gr. reglugerðar nr. 374/1995 er kveðið á um, að gefi eftirlit tollstjóra skv. 17. gr. réttmæta ástæðu til að draga í efa sannleiksgildi aðflutningsskýrslu eða fylgiskjala skuli tollstjóri krefja innflytjanda um nánari skýringar eða gögn til sönnunar því að viðskiptaverðið sé réttilega tilgreint í gögnum þessum, sbr. 7. gr. reglugerðarinnar. Var það gert eins og áður segir með bréfum embættisins, dags 12. nóvember 1999, 29. nóvember s.á. og 30. mars 2000.

Til skýringar á verði bifreiðarinnar hefur innflytjandi vísað til þess að bifreiðin sé útlitsgölluð vegna tjóns, sbr. bréf, dags 24. nóvember 1999. Áður en tollafgreiðsla fór fram var bifreiðin skoðuð af hálfu tollstjóra. Kom þá í ljós að rispur voru á

framstuðara og frambretti, skemmdir voru á húddi en að öðru leyti leit billinn vel út. Í ljósi þess hve frávik á reikningsverði og markaðsverði bifreiðar skv. ritinu Red book er umtalsvert getur embættið ekki fallist á það að framangreindur útlitsgalli á bifreið nægi einn og sér til þess að skýra framangreindan mun. Því er með vísan til 8. gr. reglugerðar nr. 374/1995 sem og ákvæða IV og V kafla sömu reglugerðar, ekki hægt að fallast á þá kröfu innflytjanda að framlagður reikningur fyrir kaupum á bifreiðinni að fjárhæð USD 3.055.- verði lagður til grundvallar við tollafgreiðslu hennar.

Ekki reyndist unnt að ákvarða tollverð umrædds ökutækis á grundvelli 2. eða 10. – 14. gr. reglugerðar nr 374/1995. Verður því tollverðið ákvarðað skv. 20. gr. og reiknireglu 21. gr. fyrrnefndrar reglugerðar um tollverð og tollverðsákvörðun.

Samkvæmt upplýsingum frá umboðsaðila hér á landi, Jöfur hf., er útsöluverð nýrrar bifreiðar, sambærilegri þeirri sem hér um ræðir um kr. 3.600.000.

Með vísan til þess sem að framan er rakið og á grundvelli reiknireglu 21. gr. reglugerðar nr.374/1995, úrskurðar tollstjóri skv. 100. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, að tollverð bifreiðarinnar Chrysler Concorde árgerð 1996, með fast skráningarnúmer J, skuli vera kr. 905.666,00.

Kærandi segir í gögnum sínum að hann hafi beðið kunningja/vin sinn að útvega sér bifreið frá Bandaríkjunum. Kunninginn, E, keypti á opinberu uppboði bifreið, "Chrysler Concorde" árgerð 1996, hjá uppboðsfyrirtækinu Buchanan Auto & Auction, Inc., þann 02-10-99. Kærandi tekur fram og leggur á það áherslu að uppboðsfyrirtæki eins og Buchanan Auto & Auction, Inc. séu háð opinberu eftirliti og geti hvorki né megi gefa út reikninga sem ekki séu fyrir nákvæmlega þeirri upphæð sem viðkomandi hlutur (í þessu tilfelli bifreið) selst á, á viðkomandi uppboði, þar sem boðnar eru upp hundruðir bifreiða í einu, að viðstöddum tugum kaupenda. Ljóst sé því að útgefinn uppboðsreikningur geti aldrei verið fyrir einhverri annarri upphæð en þeirri sem viðkomandi bifreið seldist á, sem sé þar af leiðandi söluverð bifreiðarinnar og ekki sé hægt að vefengja þann reikning sem falsaðan eða rangan. Kærandi aflaði staðfestingar á söluverði bifreiðarinnar sem hann fékk frá Buchanan Auto Auction, Inc. Gefinn var upp "SEQ" (sequence) númer á sölu-/uppboðsreikningi og fékkst þá staðfesting og fylgir hún kærinni. Einnig leitaði kærandi til verslunarfulltrúa bandaríska sendiráðsins í Reykjavík, sem kvað framlagðan reikning fullkomlega löglegan og eðlilegan og sagðist ekki sjá að hann væri vefengjanlegur á nokkurn hátt. Verslunarfulltrúinn taldi ekki óeðlilegt að verð gæti vikið svo langt frá bókarverði sem raun ber vitni, þar sem um útlitsgallaða bifreið væri að ræða.

Kærandi fer fram á að ríkistollanefnd ákvarði tollverð umræddrar bifreiðar á grundvelli framlagðs reiknings, sem sé réttur og óvefengjanlegur að mati allra, sem hann hafi spurt álits.

Ríkistollanefnd sendi kærana til umsagnar ríkistollstjóra með bréfi þann 12. sept. s.l. Í svari embættisins sem barst nefndinni þann 22. s.m. segir m.a. að í hinum kærða úrskurði komi fram að reikningi hafi verið hafnað vegna þess að „útlitsgalli“ bifreiðarinnar nægði ekki „einn og sér“ til að skýra mun á reikningsverði, annars vegar, og viðmiðunarverði Rauða kversins (Red Book), hins vegar. Ekki sé sérstaklega tekin afstaða til þess í forsendum hvort kaupverð bifreiðarinnar á uppboði geti að einhverju leyti hafa ráðist af þeirri sérstöku söluaðferð, sem uppboð sé.

Síðan segir í kröfugerð ríkistollstjóra að rætt hafi verið í síma við KH starfsmann hins bandaríska uppboðshaldara, Buchanan Auto & Auction Inc, en hún undirritaði skriflega staðfestingu uppboðsfyrirtækisins á söluverðinu, sbr. ódags. fax, sem virðist hafa verið sent (til kæranda, væntanlega) þann 26. maí 2000. Þá hafi verið rætt við G, fyrri eiganda bifreiðarinnar (búsettur í Bandaríkjunum). Báðir þessi aðilar hafi staðfest uppboðsverð bifreiðarinnar einarðlega. Sendi G sérstaka skriflega staðfestingu með faxi þann 20. september s.l.

Þá segir að nefndur G hafi lýst því að sonur hans hafi lent í árekstri á bifreiðinni, er jeppa var bakkað á hana. Tryggingarfélag tjónavalds hafi greitt honum út tjónið skv. mati. Síðar hafi E falast eftir bifreiðinni fyrir hönd aðila á Íslandi. Honum hafi þótt tilboð E fulllægt og ekki hugnast að ákveða söluverðið sjálfur í slíkum viðskiptum við aðila sem hann myndi þurfa að eiga einhver samskipti við á vettvangi Íslendingafélagsins þar ytra. Því hafi hann talið ráðlegast að láta selja bifreiðina á uppboði, þar sem E gæti mætt og gert tilboð sem hver annar. Þá lýsti hann tjóni bifreiðarinnar þannig að auk sjáanlegs tjóns, væri að líkindum eitthvað að hjólabúnaði og vatnskassa. Ennfremur hefur ríkistollstjóri rætt af þessu tilefni við kæranda, eiginkonu hans, Á, og son, S, hvert í sínu lagi. Lýsingar þeirra koma heim og saman við annað í málinu um kaup bifreiðarinnar á uppboði. Sérstaklega aðspurð um hjólabúnaðinn, en fram kom að þau höfðu öll ekið bifreiðinni, sögðust þau öll hafa heyrt eins konar högghljóð þegar bifreiðinni væri beygt. Þau könnuðust ekki við vandræði með vatnskassa, en S sagði að bifreiðin hefði lekið olíu sem búið væri að gera við. S kvaðst hafa fengið E, sem hann kannaðist við, til að finna bifreið í Bandaríkjunum handa föður sínum, F. Upphaflega hafi staðið til að kaupa minni bifreið, en E hafi síðar sagt honum frá bifreið G sem kynni að fást við hagstæðu verði og, að teknu tilliti til viðgerðarkostnaðar, myndi koma út á svipuðu verði og minni bifreið af ódýrari tegund. Eftir að G hafi hafnað tilboði E í bifreiðina, hafi hann og E orðið ásáttir um að E myndi mæta á uppboðinu og bjóða allt að USD 5.000 í bifreiðina, ef þess þyrfti með.

Að öllu virtu telur ríkistollstjóri ekki efni til að efast um réttmæti upplýsinga kæranda og fyrirliggjandi gagna um kaupverð umræddrar bifreiðar á uppboði í Bandaríkjunum 2. október 1999. Það er alþekkt að verðmyndun við sölu á uppboði lýtur að nokkru öðrum lögmálum en almennt gilda í viðskiptum. Tollverðsreglur virðast almennt ekki því til fyrirstöðu að uppboðsverð geti verið grundvöllur tollverðs.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið, er þess krafist að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og úrskurðað verði að framlagður reikningur verði lagður til grundvallar við tollverðsákvörðun í máli þessu.

Ríkistollanefnd sendi kæranda ljósrit að kröfugerð ríkistollstjóra með bréfi þann 26. sept. s.l. Með bréfi kæranda, dags. 29. september 2000, sem barst nefndinni þann 2. október s.á. ítrekar hann fyrri kröfur.

Ríkistollanefnd hefur farið yfir þau gögn sem lögð hafa verið fram í máli þessu og haldið fundi um það. Í málinu er deilt um hvort framlagður reikningur vegna kaupa á bifreið af gerðinni Chrysler Concorde, árg. 1996, fast númer J, sem kærandi flutti inn frá Bandaríkjunum, á sendinganúmeri E HAE 02 11 9 US ORF W118 skuli lagður til hliðsjónar útreiknings tollverðs. Tollstjóri hafnar því að leggja framlagðan reikning til grundvallar við ákvörðun tollverðs bifreiðarinnar, og ákvarðar tollverðið þess í stað samkvæmt reglum 20. og 21. gr. reglugerðar nr. 374/1995 um tollverð og tollverðsákvörðun.

Eins og fram hefur komið er tollverð innfluttrar vöru viðskiptaverðið, þ.e. það verð sem raunverulega er greitt eða greiða ber fyrir vöruna, sbr. 8. gr. laga nr. 55/1987 og 2. gr. reglugerðar um tollverð og tollverðsákvörðun nr. 374/1995. Ef ekki er unnt að beita þessu ákvæði til ákvörðunar tollverðs vegna þess að viðskiptaverðið er mjög frábrugðið þeim verðum sem almennt gerast í viðskiptalandinu er yfirvöldum heimilt að beita ákvæðum 10. - 14. gr., þ.e. að líta til verðs sams konar bifreiða sem fluttar hafa verið inn á svipuðum tíma og bifreið sú sem ágreiningur stendur um. Ef ekki er unnt að finna tollverð út miðað við þessar reglur ber að beita ákvæðum 20. sbr. 21. gr. rgl. 374/1995, en þar kemur fram sú regla að tekið er verð á nýrri sams konar bifreið og það verð afskrifað með tilteknum hætti.

Eins og fram kemur hér að ofan er ríkistollstjóra falið í 19. gr. rgl. 374/1995 að safna saman upplýsingum frá hlutlausum aðilum erlendis frá um viðmiðunarverð ökutækja í þeim löndum sem helst má vænta innflutnings frá. Til að uppfylla þetta ákvæði hefur ríkistollstjóri skaffað tollstjórum bók "Red Book" sem gefin er út af eftirlitsaðilum bifreiðaiðnaðarins í Bandaríkjunum og notað er um öll Bandaríkin. Nefndarmenn hafa enga ástæðu til að rengja þær upplýsingar sem koma fram í nefndu riti. Ljóst er að viðskiptaverð J, er talsvert lægra en verð á bifreiðum sömu gerðar í Red Book. Á það ber hins vegar að líta að bifreiðin er skemmd eftir árekstur. Þar ber talsvert á milli í lýsingu aðila málsins. Tollstjóri talar um rispur á vélarhíf og á stuðara en að öðru leyti líti bifreiðin vel út. Kærandi talar um að bifreiðin sé töluvert skemmd, vélarhlíf ónýt, framljós brotin og þá hefur komið fram að fyrrum eigandi bifreiðarinnar talar um að vatnskassi sé lekur og stýrisbúnaður skemmdur. Nefndarmenn fengu sendar myndir af bifreiðinni með kröfugerð ríkistollstjóra. Af þeim má ráða að bifreiðin hafi verið meira skemmd en kemur fram í lýsingu tollstjóra.

Við tollverðsákvörðun verður kaupverði ekki hafnað eingöngu vegna þess að það sé lágt og hagstæðara kaupanda en almennt gerist í viðskiptum. Innflytjendur eiga almennt að njóta góðra kaupa. Bifreið þessi var seld á uppboði. Sá sem kaupir hana veit um ástand hennar og þekkir sögu hennar. Hann er því í góðri stöðu til að gera góð kaup. Þá er það staðreynd sem fram kemur í kröfugerð ríkistollstjóra að verðmyndun á uppboðum lýtur öðrum lögmálum en almennt gilda í viðskiptum. Ríkistollstjóri aflaði staðfestingar frá starfsmanni uppboðsfyrirtækisins í Bandaríkjunum og fyrri eiganda bifreiðarinnar um að reikningur sé réttur. Þegar öll gögn málsins eru virt telur ríkistollanefnd ekki tilefni til að draga í efa að kærandi hafi keypt bifreiðina á tilgreindu reikningsverði. Nefndarmenn fallast því á að framlagður reikningur verði lagður til grundvallar við útreikning tollverðs af bifreiðinni.

Samkvæmt framanrituðu kveður ríkistollanefnd upp svofelldan úrskurð:

Með vísan til 101. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, úrskurðar ríkistollanefnd að við ákvörðun tollverðs sendingar nr E HAE 02 11 9 US ORF W118 er innihélt bifreið af gerðinni Chrysler Concorde, árg. 1996, með fast skráningarnúmer J skuli leggja til grundvallar framlagðan reikning að fjárhæð USD 3.055.00-.